*XVII. VIÐAUKI*

# HUGVERKARÉTTINDI

**Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 65. gr.**

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur Bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsorð,
- viðtakendur gerða Bandalagsins,
- tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB,
- tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum, og
- tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar,

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM **{[1]}**

Sérstaka málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 2. kafla (Félagaréttur) IV. viðauka við aðildarlögin frá 16. apríl 2003, gildir milli samningsaðila.

**{[2]}** Sérstaka málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 1. kafla (Félagaréttur) í V. viðauka við aðildarlögin frá 25. apríl 2005 eða, eftir atvikum, við bókunina um aðild frá 25. apríl 2005, gildir milli samningsaðila.

**{[3]}** Sérstaka málsmeðferðin, sem er sett fram í 1. kafla (Hugverkaréttindi) IV. viðauka við aðildarlögin frá 9. desember 2011, skal gilda milli samningsaðila.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. **387L0054** - Tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum (Stjtíð. EB nr. L 24, 27.1.1987, bls. 36).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Í c-lið 1. mgr. 1. gr. komi tilvísun í 123. gr. EES-samningsins í stað tilvísunar í b-lið 1. mgr. 223. gr. EBE-sáttmálans.

---

{[1]} **Fyrirsögninni og textanum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.**

{[2]} **Textanum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2007 (Stjtíð. ESB L 221, 25.8.2007 og EES-viðbætir nr. 39, 26.7.2008), gildir til bráðabirgða frá og með 1.8.2007, gildistaka 9.11.2011. Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ voru síðar felld brott með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtíð. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætir nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.**

{[3]} **Málsliðnum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtíð. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætir nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.**

b) Ákvæði 6.–8. mgr. 3. gr. gilda ekki.

c) Í stað 5. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„Einkaréttur til að heimila eða banna atferli, sem er nánar tilgreint b-lið 1. mgr., gildir ekki um slíkt atferli eigi það sér stað eftir að svæðislýsingin eða hálfleiðaravaran hefur verið markaðssett hjá samningsaðila af einstaklingi sem hefur leyfi til að markaðssetja hana eða með samþykki hans.“

2. **390D0510** - Fyrsta ákvörðun ráðsins 90/510/EBE frá 9. október 1990 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til einstaklinga frá tilteknum löndum og yfirráðasvæðum (Stjtíð. EB nr. L 285, 17.10.1990, bls. 29), eins og henni var breytt með:

-{4} **393D0017** - Ákvörðun ráðsins 93/17/EBE frá 21. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 11, 19.1.1993, bls. 22),

-{5} **1 94 N** - Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem mynda grundvöll Evrópusambandsins (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, með breytingum sem birtust í Stjtíð. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a){6} Í viðaukanum falli tilvísanir til Íslands og Noregs []{7} niður.

b) Að auki gildir eftirfarandi:

Veiti land eða yfirráðasvæði, sem talið er upp í viðaukanum, einstaklingum samningsaðila ekki þá vernd sem ráð er fyrir gert í þeirri ákvörðun munu samningsaðilar leitast við af fremsta megni að tryggja að áðurnefnt land eða yfirráðasvæði veiti fyrrnefndum samningsaðila slíka vernd í síðasta lagi einu ári eftir að samningurinn öðlast gildi.

3. a) **390D0511** - Önnur ákvörðun ráðsins 90/511/EBE frá 9. október 1990 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til einstaklinga frá tilteknum löndum og yfirráðasvæðum (Stjtíð. EB nr. L 285, 17.10.1990, bls. 31).

b) **390D0541** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/541/EBE frá 26. október 1990 í samræmi við ákvörðun ráðsins 90/511/EBE sem kveður á um lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til félaga og lögpersóna frá tilteknum löndum (Stjtíð. EB nr. L 307, 7.11.1990, bls. 21).

c){8} **393D0016** - Ákvörðun ráðsins 93/16/EBE frá 21. desember 1992 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til aðila frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og tilteknum yfirráðasvæðum (Stjtíð. EB nr. L 11, 19.1.1993, bls. 20), eins og henni var breytt með:

- **393D0520** - Ákvörðun ráðsins 93/520/EBE frá 27. september 1993 (Stjtíð. EB nr. L 246, 2.10.1993, bls. 31).

d){9} **393D0217** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/217/EBE frá 19. mars 1993 í samræmi við ákvörðun ráðsins 93/16/EBE um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til fyrirtækja og annarra lögpersóna í Bandaríkjum Norður-Ameríku (Stjtíð. EB nr. L 94, 20.4.1993, bls. 30).

---

{4} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.**

{5} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 43/2005 (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætir nr. 38, 28.7.2005, bls. 26), gildistaka 12.3.2005.**

{6} **Orðunum „Finnland, Ísland og Noregur“ var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.**

{7} **Færslur fyrir Austurríki, Finnland og Svíþjóð voru felldar brott með ákvörðun nr. 43/2005 (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætir nr. 38, 28.7.2005, bls. 26), gildistaka 12.3.2005.**

{8} **Texta c-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.**

{9} **Texta d-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.**

e){[10]} **394D0004** - Ákvörðun ráðsins 94/4/EB frá 20. desember 1993 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku (Stjtíð. EB nr. L 6, 8.1.1994, bls. 23).

f){[11]} **394D0373** - Ákvörðun ráðsins 94/373/EB frá 27. júní 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku (Stjtíð. EB nr. L 170, 5.7.1994, bls. 34).

g){[12]} **394D0700** - Ákvörðun ráðsins 94/700/EB frá 24. október 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Kanada (Stjtíð. EB nr. L 284, 1.11.1994, bls. 61).

h){[13]} **394D0828** - Ákvörðun ráðsins 94/828/EB frá 19. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá tilteknum yfirráðasvæðum (Stjtíð. EB nr. L 351, 31. 12. 1994, bls. 12).

i){[14]} **394D0824** - Ákvörðun ráðsins 94/824/EB frá 22. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (Stjtíð. EB nr. L 349, 31.12.1994, bls. 201).

j){[15]} **395D0237** - Ákvörðun ráðsins 95/237/EB frá 29. júní 1995 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku (Stjtíð. EB nr. L 158, 8.7.1995, bls. 38).

Til viðbótar við þessar **{[16]}** ákvarðanir gildi eftirfarandi:

Að því er varðar þennan samning skuldbinda EFTA-ríkin sig til að samþykkja ákvörðun ráðsins 90/511/EBE og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við þessa ákvörðun ráðsins, ef gildistími þeirra er framlengdur eftir 31. desember 1992. Síðari breytingar eða endurnýjun ber að samþykkja áður en samningurinn öðlast gildi **{[17]}**.

4. **[ ] {[18]}**

5.**{[19]}** **32009L0024** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 111, 5.5.2009, bls. 16).

6.**{[20]}** **32009R0469** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 469/2009 frá 6. maí 2009 um vottorð um viðbótarvernd fyrir lyf (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 1), eins og henni var breytt með:

---

{[10]} **Texta c-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.**

{[11]} **Texta f-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 10/95 (Stjtíð. EB L 47, 2.3.1995, bls. 30 og EES-viðbætir nr. 7, 2.3.1995, bls. 125), gildistaka 1.2.1995.**

{[12]} **Texta g-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 54/95 (Stjtíð. EB L 140, 13.6.1996, bls. 50 og EES-viðbætir nr. 25, 13.6.1996, bls. 147), gildistaka 1.7.1995.**

{[13]} **Texta h-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 54/95 (Stjtíð. EB L 140, 13.6.1996, bls. 50 og EES-viðbætir nr. 25, 13.6.1996, bls. 147), gildistaka 1.7.1995.**

{[14]} **Texta i-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 54/95 (Stjtíð. EB L 140, 13.6.1996, bls. 50 og EES-viðbætir nr. 25, 13.6.1996, bls. 147), gildistaka 1.7.1995.**

{[15]} **Texta j-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 66/95 (Stjtíð. EB L 8, 11.1.1996, bls. 37 og EES-viðbætir nr. 2, 11.1.1996, bls. 6), gildistaka 1.12.1995.**

{[16]} **Inngangsmálsliðurinn, sem var innleiddur með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994, kemur í stað fyrri inngangsmálsliðar.**

{[17]} **Síðasti málsliðurinn eins og hann var innleiddur með bókuninni um breytingu.**

{[18]} **Texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 389/104/EBE) var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 146/2009 (Stjtíð. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 43 og EES-viðbætir nr. 12, 11.3.2010, bls. 42), gildistaka 5.12.2009.**

{[19]} **Texta 5. liðar (tilskipun ráðsins 91/250/EBE) var skipt út með ákvörðun nr. 39/2011 (Stjtíð. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 40 og EES-viðbætir nr. 37, 30.6.2011, bls. 47), gildistaka 2.4.2011.**

{[20]} **Texta 6. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92) var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 92/2017 (Stjtíð. ESB L 36, 7.2.2019, bls. 41 og EES-viðbætir nr. 11, 7.2.2019, bls. 49), gildistaka 1.6.2018.**

-{[21]} **32019R0933** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/933 frá 20. maí 2019 (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2019, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) **{ [22] }** Í 10. mgr. 5. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „1. júlí 2019“ sem á/fyrir „gildistökudegi/gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2022 frá 10. júní 2022“.

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 7. gr.:

„6. 5. mgr. gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin.

7. Þrátt fyrir 4. mgr. skal leggja umsókn um framlengingu á gildistíma vottorðs sem þegar hefur verið gefið út fram eigi síðar en sex mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, í fimm ár eftir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1901/2006 í EFTA-ríkinu sem um ræðir.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 21. gr.:

„3. Einungis er unnt að samþykkja umsókn um framlengingu á gildistíma vottorðs í EFTA-ríki ef vottorðið fellur úr gildi minna en sex mánuðum fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1901/2006 í EFTA-ríkinu sem um ræðir. Í þeim tilvikum þar sem vottorðið fellur úr gildi fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1901/2006 í EFTA-ríkinu sem um ræðir skal framlengingin á gildistíma einungis taka gildi að því er varðar tímann eftir bæði slíka gildistöku í EFTA-ríkinu sem um ræðir og dagsetningu birtingar umsóknarinnar um framlengingu. Hins vegar gildir 3. mgr. 13. gr. að því er varðar útreikning á lengd framlengingarinnar.

4. Þrátt fyrir 7. mgr. 7. gr. skal, í þeim tilvikum er vottorð fellur úr gildi innan sjö mánaða frá gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1901/2006 í EFTA-ríkinu sem um ræðir, ekki leggja inn umsókn um framlengingu vottorðs síðar en einum mánuði eftir gildistökuna í því EFTA-ríki sem um ræðir. Í slíkum tilfellum tekur framlengingin einungis gildi að því er varðar tímann eftir að umsókn um framlengingu hefur verið birt. Hins vegar gildir 3. mgr. 13. gr. að því er varðar útreikning á lengd framlengingarinnar.

5. Umsókn um framlengingu gildistíma vottorðs sem lögð er inn í samræmi við 3. mgr. og 4. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að hvaða þriðji aðili sem er, sem hefur, milli þess að vottorðið fellur úr gildi og umsókn um framlengingu gildistíma vottorðsins er birt, notað uppfinninguna í góðri trú í viðskiptatilgangi eða á að baki mikinn undirbúning að slíkri notkun, haldi slíkri notkun áfram.“

d) **{[23]}** Með tilliti til einkaleyfasamstarfs Sviss og Liechtenstein skal Liechtenstein ekki afgreiða vottorð um viðbótarvernd lyfja eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.“

e) **{[24]}** Að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar texti -I. viðauka sem hér segir:

„**Kennimerki**

Þetta kennimerki skal vera svart og nógu stórt til að vera nægilega sýnilegt.

---

{[21]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 197/2022 (Stjtíð. ESB L 267, 13.10.2022, bls. 50 og EES-viðbætir nr. 66, 13.10.2022, bls. 48), gildistaka 1.2.2023..**

{[22]} **Aðlögunarlið a) var bætt við með ákvörðun nr. 197/2022 (Stjtíð. ESB L 267, 13.10.2022, bls. 50 og EES-viðbætir nr. 66, 13.10.2022, bls. 48), gildistaka 1.2.2023..**

{[23]} **Aðlögunarliðir a) til c) voru endurtölusettir sem aðlögunarliðir b) til d) með ákvörðun nr. 197/2022 (Stjtíð. ESB L 267, 13.10.2022, bls. 50 og EES-viðbætir nr. 66, 13.10.2022, bls. 48), gildistaka 1.2.2023..**

{[24]} **Aðlögunarlið e) var bætt við með ákvörðun nr. 197/2022 (Stjtíð. ESB L 267, 13.10.2022, bls. 50 og EES-viðbætir nr. 66, 13.10.2022, bls. 48), gildistaka 1.2.2023.**

**EEA export**

”.

6a.{[25]} **396R1610** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB nr. L 193, 8.8.1996, bls. 30), eins og henni var breytt með:

-{[26]} **1 03 T** - Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

-{[27]} **1 2005 SA** - Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 25. apríl árið 2005 (Stjtíð. ESB L 157, 21.6.2005, bls. 203),

-{[28]} **1 2012 J003** – Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun sáttmálans um Evrópusambandið, sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, samþykkt 9. desember 2011 (Stjtíð. ESB L 112, 24.4.2012, bls. 21).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Við b-lið 1. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi:

„; að því er þessa undirgrein varðar og greinar sem vísa til hennar skal fara með leyfi til að markaðssetja vöru í samræmi við landslög EFTA-ríkis á sama hátt og leyfi sem veitt er í samræmi við tilskipun 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum aðildarríkis EB.“

b) 20. gr. gildir ekki.

c) Hvað varðar Ísland og Noreg gildir þessi reglugerð frá 2. janúar 1998.

d) Eftirfarandi málsgreinar bætist við 19. gr.:

„3. Ef grunneinkaleyfi í EFTA-ríki rennur út, vegna þess að lögbundinn gildistími þess er liðinn, milli 8. febrúar 1997 og 2. janúar 1998, skal vottorðið eingöngu öðlast gildi fyrir þann tíma sem fer á eftir birtingardegi leyfisumsóknarinnar. Þó skal 13. gr. gilda um útreikning á gildistíma vottorðsins.

{[25]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 59/97 (Stjtíð. EB L 316, 20.11.1997, bls. 21 og EES-viðbætir nr. 48, 20.11.1997, bls. 147), gildistaka 1.4.1998.**

{[26]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.**

{[27]} **Undirliðnum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2007 (Stjtíð. ESB L 221, 25.8.2007 og EES-viðbætir nr. 39, 26.7.2008), gildir til bráðabirgða frá og með 1.8.2007, gildistaka 9.11.2011.**

{[28]} **Undirliðnum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtíð. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætir nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.**

4. Ef um 3. mgr. er að ræða skal leggja inn umsókn fyrir vottorði innan tveggja mánaða frá 2. janúar 1998.

5. Vottorð sem sótt er um í samræmi við 3. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að þriðji aðili, sem í góðri trú hefur, frá því að grunnleyfið rann út og þar til umsókn um vottorð var gefin út, notað uppfinninguna í viðskiptum eða hefur lagt í mikinn undirbúning í því skyni, haldi áfram að nota hana.“

e) Enn fremur gildir eftirfarandi um Liechtenstein:

Með hliðsjón af einkaleyfissambandi milli Liechtenstein og Sviss, skal Liechtenstein ekki gefa út nein viðbótarvottorð um vernd plöntuvarnarefna eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Þó skulu vottorð um vernd plöntuvarnarefna sem Sviss gefur út, öðlast gildi í Liechtenstein um leið og löggjöf þar að lútandi tekur gildi í Sviss.

7.**{29}** **[ ]**

8.**{30}** **393L0083** - Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarrétt og réttindi tengd höfundarrétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (Stjtíð. EB nr. L 248, 6.10.1993, bls. 15), eins og henni var breytt með:

-**{31}** **32019L0789** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/789 frá 17. apríl 2019 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 82).

9.**{32}** **[ ]**

9a.**{33}** **396L0009** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtíð. EB nr. L 77, 27.3.1996, bls. 20), eins og henni var breytt með:

-**{34}** **32019L0790** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 2. gr. lesist hugtakið „ákvæði Bandalagsins“ sem „ákvæði EES“;

b) 3. mgr. 11. gr. lesist:

„Tímabil hverskonar verndar sem látin er taka til gagnagrunna á grundvelli samninga sem samningsaðili hefur gert og útvíkka réttinn sem kveðið er á um í 7. gr. til gagnagrunna sem eru gerðir í þriðju löndum og falla ekki undir ákvæði 1. og 2. mgr., skal ekki vera lengra en það sem kveðið er á um í 10. gr.“

---

{29} **Texta 7. liðar (tilskipun ráðsins 92/100/EBE) var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 56/2007 (Stjtíð. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 17 og EES-viðbætir nr. 48, 11.10.2007, bls. 13), gildistaka 9.6.2007.**

{30} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.**

{31} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 332/2023 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætir nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.**

{32} **Texta 9. liðar (tilskipun ráðsins 93/98/EBE) var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 56/2007 (Stjtíð. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 17 og EES-viðbætir nr. 48, 11.10.2007, bls. 13), gildistaka 9.6.2007.**

{33} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 59/96 (Stjtíð. EB L 21, 23.1.1997, bls. 11 og EES-viðbætir nr. 4, 23.1.1997, bls. 55), gildistaka 1.7.2000.**

{34} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 333/2023 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætir nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.**

9b.{[35]} **398L0071** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögverndun hönnunar (Stjtíð. EB L 289, 28.10.1998, bls. 28).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 15. gr.:

„Réttindi, sem fást með skráningu hönnunarréttar, skulu ekki taka til athafna er lúta að framleiðsluvöru sem er hluti af eða notar hönnun sem fellur undir verndarsvið hönnunarréttarins þegar framleiðsluvaran hefur verið markaðssett í samningsríki af handhafa hönnunarréttarins eða með samþykki hans.“

9c.{[36]} **32001L0084** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt) (Stjtíð. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32).

{[37]} Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkjunum er boðið að senda fulltrúa á fundi samskiptanefndarinnar.

9d.{[38]} **398L0044** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni (Stjtíð. EB L 213, 30.7.1998, bls. 13).

{[39]} Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Með hliðsjón af einkaleyfasambandinu milli Liechtensteins og Sviss, skal Liechtenstein ekki afgreiða nein einkaleyfi samkvæmt þessari tilskipun.

9e.{[40]} **32001L0029** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70, eins og henni var breytt með:

-{[41]} **32017L1564** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 frá 13. september 2017 (Stjtíð. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 6),

-{[42]} **32019L0790** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkjunum skal boðið að senda fulltrúa á fundi tengslanefndarinnar.

9f.{[43]} **32006L0116** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/116/EB frá 12. desember 2006 um verndartíma höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 12), eins og henni var breytt með:

---

{[35]} **Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 21/2000 (Stjtíð. EB L 103, 12.4.2001, bls. 44 og EES-viðbætir nr. 20, 12.4.2000, bls. 225), gildistaka 1.10.2000.**

{[36]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 171/2002 (Stjtíð. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 36 og EES-viðbætir nr. 9, 13.2.2003, bls. 24), gildistaka 1.8.2003.**

{[37]} **Aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 171/2002 (Stjtíð. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 36 og EES-viðbætir nr. 9, 13.2.2003, bls. 24), gildistaka 1.8.2003.**

{[38]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 20/2003 (Stjtíð. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 82 og EES-viðbætir nr. 19, 10.4.2003, bls. 24), gildistaka 1.2.2004.**

{[39]} **Aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 20/2003 (Stjtíð. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 82 og EES-viðbætir nr. 19, 10.4.2003, bls. 24), gildistaka 1.2.2004.**

{[40]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 110/2004 (Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 45 og EES-viðbætir nr. 65, 23.12.2004, bls. 30), gildistaka 1.8.2005.**

{[41]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 165/2020 (Stjtíð. ESB L 227, 14.9.2023, bls. 30 og EES-viðbætir 66, 14.9.2023, bls. 30), gildistaka 1.10.2021.**

{[42]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 333/2023 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætir nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.**

{[43]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 56/2007 (Stjtíð. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 17 og EES-viðbætir nr. 48, 11.10.2007, bls. 13), gildistaka 9.6.2007.**

-{[44]} **32011L0077** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 (Stjtíð. ESB L 265, 11.10.2011, bls. 1).

9g.{[45]} **32006L0115** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).

9h. **[ ] {[46]}**

9i.{[47]} **32019L0790 -** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 4. mgr. 12. gr. orðast „ákvæði í lögum Sambandsins“ sem „ákvæði EES-samningsins“.

b) Í 2. mgr. 13. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „7. júní 2021“ sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“.

c) Í 2. mgr. 15. gr. og 9. mgr. 17. gr. koma orðin „ákvæði EES-samningsins“ í stað orðanna „lög Sambandsins“.

d) Í 4. mgr. 15. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „tveimur árum og einum degi fyrir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „6. júní 2019“.

e) Í 26. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „7. júní 2021“.

f) Í 27. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „7. júní 2022“.

g) Í 1. mgr. 29. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað „7. júní 2021“.

10.{[48]} **32012L0028** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB frá 25. október 2012 um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum (Stjtíð. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 5).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) EFTA-ríkin skulu taka þátt í einum rafrænum gagnagrunni sem er aðgengilegur almenningi og samhæfingarskrifstofa innri markaðarins kom á fót og um getur í 6. mgr. 3. gr. EFTA-ríkin skulu standa straum af kostnaði við þýðingu á íslensku og norsku, eftir því sem þörf er á.

b) Að því er varðar EFTA-ríkin, skal dagsetning beitingar sem um getur í 8. gr. vera gildistökudagur ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2015 frá 25. febrúar 2015.

---

{[44]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 94/2013 (Stjtíð. ESB L 291, 31.10.2013, bls. 60 og EES-viðbætir nr. 61, 31.10.2013, bls. 68), gildistaka 1.8.2014.**

{[45]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 56/2007 (Stjtíð. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 17 og EES-viðbætir nr. 48, 11.10.2007, bls. 13), gildistaka 9.6.2007.**

{[46]} **Texta 9. liðar h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB) var bætt við með ákvörðun nr. 146/2009 (Stjtíð. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 43 og EES-viðbætir nr. 12, 11.3.2010, bls. 42), gildistaka 5.12.2009. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 27/2020 (Stjtíð. ESB L 49, 16.2.2023, bls. 57 og EES-viðbætir nr. 13, 16.2.2023, bls. 53), gildistaka 1.1.2023.**

{[47]} **Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 333/2023 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætir nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.**

{[48]} **Liðnum og textanum var bætt við með ákvörðun nr. 29/2015 (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2016, bls. 44 og EES-viðbætir nr. 21, 7.4.2016, bls. 38), gildistaka 1.10.2015.**

11.{[49]} **32014L0026** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðanna „101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ í 32. gr. kemur „53. og 54. gr. EES-samningsins“.

b) EFTA-ríkin skulu eiga rétt á því að taka fullan þátt í sérfræðingahópnum sem komið er á fót með 41. gr. tilskipunarinnar og skulu innan hans hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, þó án atkvæðisréttar.

c) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. október 2016“ í 8. mgr. 5. gr.

d) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2017“ í 31. gr.

e) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2016“ í 3. mgr. 36. gr.

f) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „18 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. október 2017“ í 3. mgr. 38. gr.

g) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2016“ í 39. gr.

h) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2016“ í 43. gr.

12.{[50]} **32017R1128** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1128 frá 14. júní 2017 um flytjanleika efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 42.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast „56. og 57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ sem „36. og 37. gr. EES-samningsins“.

b) Í 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðast „2. júní 2018“ sem „tveimur mánuðum og einum degi eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2018 frá 6. júlí 2018“.“

13.{[51]} **32016L0943** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmætri öflun, notkun og birtingu þeirra (Stjtíð. ESB L 157, 15.6.2016, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 1. gr. orðast hugtakið „sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ sem „EES-samningsins“.

b) Tilvísun í a-lið 2. mgr. 1. gr. „rétt til tjáningarfrelsis og upplýsinga eins og hann er settur fram í sáttmálanum“ og a-lið 5. gr. „réttar til tjáningarfrelsis og upplýsinga eins og sett er fram í sáttmálanum“ skal hvað EFTA-ríkin varðar orðast sem „grundvallarrétturinn til tjáningarfrelsis og upplýsinga“.

c) Í b- og c-lið 2. mgr. 1. gr. orðast „Sambands- eða landsreglna“ sem „EES-reglna eða landsreglna“ að því er varðar EFTA-ríkin.

d) Tilvísunin í c-lið 2. mgr. 1. gr. „stofnanir og aðilar Sambandsins“ orðast hvað EFTA-ríkin varðar þannig að hún taki til „EES/EFTA stofnana og aðila“.

e) Í c-lið 2. og 3. mgr., 2. mgr. 3. gr. og c- og d-lið 5. gr. orðast „Sambands- eða landsreglna“, „lög Sambandsins og landslög“, „lögum Sambandsins eða landslögum“ sem „EES-reglna eða landsreglna“.

{[49]} **Liðnum og textanum var bætt við með ákvörðun nr. 186/2017 (Stjtíð. ESB L 174, 27.6.2019, bls. 57 og EES-viðbætir nr. 52, 27.6.2019, bls. 68), gildistaka 1.7.2021.**

{[50]} **Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 158/2018 (Stjtíð. ESB L 67, 25.2.2021, bls. 51 og EES-viðbætir nr. 13, 25.2.2021, bls. 55), gildistaka 1.8.2019.**

{[51]} **Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 91/2019 (Stjtíð. ESB L 210, 2.7.2020, bls. 76 og EES-viðbætir nr. 44, 2.7.2020, bls. 92), gildistaka 1.1.2021.**

f) Í d-lið 2. mgr. 1. gr. og c-lið 1. mgr. 3. gr. orðast „lög Sambandsins eða landslög og venjur" sem „EES-reglur og landsreglur og venjur".

14.{[52]} **32015L2436** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 frá 16. desember 2015 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2015, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. ESB L 110, 26.4.2016, bls. 5.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í i-lið 1. mgr. 4. gr. og l-lið 1. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „EES-löggjöf eða innlendum lögum viðkomandi EFTA-ríkis" í stað „löggjöf Sambandsins eða landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis". Í stað „alþjóðasamningum sem Sambandið eða hlutaðeigandi aðildarríki eiga aðild að" kemur „alþjóðasamningum sem hlutaðeigandi EFTA-ríki á aðild að".

b) Í j-lið 1. mgr. 4. gr. og k-lið 1. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „EES-löggjöf eða alþjóðasamningum sem hlutaðeigandi EFTA-ríki á aðild að" í stað „löggjöf Sambandsins eða alþjóðasamningum, sem Sambandið á aðild að".

c) Í a-lið 3. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „öðrum lögum en vörumerkjalögum sem gilda í viðkomandi EFTA-ríki eða EES-samningnum" í stað „öðrum lögum en vörumerkjalögum í viðkomandi aðildarríki eða Sambandinu".

d) Í i-lið a-liðar 2. mgr., b-lið 2. mgr. og a-lið 3. mgr. 5. gr., 6. gr., 2. mgr. 18. gr., 3. mgr. 44. gr. og 5. mgr. 46. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, gilda ákvæðin sem varða Evrópuvörumerki ekki um EFTA-ríkin nema Evrópuvörumerkið taki til þeirra.

e) Í c-lið 3. mgr. 5. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „EES-löggjöf eða lögum viðkomandi EFTA-ríkis" í stað „löggjöf Sambandsins eða landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis".

f) Ákvæði 4. mgr. 10. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin."

15.{[53]} **32017L1564** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 frá 13. september 2017 um tiltekna leyfilega notkun á tilteknum verkum og öðru efni sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentletursþömlun og um breytingu á tilskipun 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 6).

16.{[54]} **32019L0789 -** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/789 frá 17. apríl 2019 um reglur um beitingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem gilda um tilteknar útsendingar útvarpsfyrirtækja á Netinu og endurútsendingar útvarps- og sjónvarpsefnis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 93/83/EBE (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 82).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 3. mgr. 3. gr. orðast „lög Sambandsins" sem „EES-samninginn".

b) Í 1. mgr. 11. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023" í stað orðanna „7. júní 2021" og orðin „tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023" í stað „7. júní 2023".

c) Í 2. mgr. 11. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023" í stað orðanna „7. júní 2021" og orðin „fjórum árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023" í stað „7. júní 2025".

d) Í 1. mgr. 12. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023" í stað orðanna „7. júní 2021".

---

{[52]} **Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 27/2020 (Stjtíð. ESB L 49, 16.2.2023, bls. 57 og EES-viðbætir nr. 13, 16.2.2023, bls. 53), gildistaka 1.1.2023 Var síðar leiðréttur fyrir birtingu með leiðréttingu frá 11.12.2021.**

{[53]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 165/2020 (Stjtíð. ESB L 227, 14.9.2023, bls. 30 og EES-viðbætir nr. 66, 14.9.2023, bls. 30), gildistaka 1.10.2021.**

{[54]} **Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 91/2019 (Stjtíð. ESB L 210, 2.7.2020, bls. 76 og EES-viðbætir nr. 44, 2.7.2020, bls. 92), gildistaka 1.1.2021.**

*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF* {[55]}

Samningsaðilar taka mið af inntaki eftirfarandi gerða:

1.**{[56]}** **392Y0528(01)** - Ályktun ráðsins 92/C 138/01 frá 14. maí 1992 um aukna vernd höfundarréttar og skyldra réttinda (Stjtíð. EB nr. C 138, 28.5.1992, bls. 1).

2.**{[57]}** **COM(92) 445 lokagerð** - Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1992 um hugverkarétt og stöðlun (COM(92) 445 lokagerð).

{[55]} **Fyrirsögninni og 10. og 11. lið var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.**

{[56]} **Texti 10. liðar (ályktun ráðsins 92/C 138/01) var endurtölusettur sem 1. liður með ákvörðun 29/2015 (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2016, bls. 44 og EES-viðbætir nr. 21, 7.4.2016, bls. 38), gildistaka 1.10.2015.**

{[57]} **Texti 11. liðar (orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1992) var endurtölusettur sem 2. liður með ákvörðun nr. 29/2015 (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2016, bls. 44 og EES-viðbætir nr. 21, 7.4.2016, bls. 38), gildistaka 1.10.2015.**